

AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Freyjugötu 36.
2. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Vesturgötu 36b.
Bifreiðastæði skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að gönguþveranir yfir Lönguhlíð sunnan Barmahlíðar, Mávahlíðar og Drápuhlíðar verði merktar sem gangbrautir.
4. Að gönguþverun yfir Sólvallagötu sunnan Framnesvegar verði merkt sem gangbraut.
Gangbraut skal merkt beggja vegna vegar samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að afmörkuð verði sérmerkt biðstöð hópbifreiða á Framnesvegi við Vesturbæjarskóla með almennu stöðubanni á tímabilinu kl. 07.00 – 17.00 í stæðinu með undirmerki um heimild fyrir vörulosun.
Bifreiðastæði skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
6. Að sett verði biðskylda fyrir umferð um Skólaveg og Lautarveg gagnvart umferð um Háaleitisbraut.
Biðskylda skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
7. Að bannað verði að stöðva og leggja við norðurkant Hæðargarðs frá gatnamótum Réttarholtsvegar 25 metra vestur götuna.
Stöðubann skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 8. nóvember 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2019